



Fiðrildasafnarar

Oct. 10, 2012



Stjörnufræðingar reyna að safna eins mörgum hringpokum og þeir geta. Hringpokur eru glóandi gas- og rykský í geimnum, oftast en ekki óhemju fallegar. Nú hafa stjörnufræðingar byrjað að fylgjast með þessum skýjum í okkar hluta vetrarbrautarinnar með Chandra röntgengeimsjónauka NASA. Á myndinni sjást fjórar fiðrildalaga hringpokur sem sjónaukinn hefur nú þegar tekið ljósmyndað.

Þessi ský sýna okkur skeið sem allar meðalstórar stjörnur eins og sólin okkar ganga í gegnum. Þegar stjarna hefur brennt öllu eldsneyti sínu, þenst hún út og verður [rauður risi](#). Stjarnan getur þá orðið nokkur hundruð sinnum breiðari en sólin okkar! Þegar stjarnan er svo stór á hún í stökustu vandræðum með að halda í ytri efnislög sín og missir stóran hluta þeirra út í geiminn.

Eftir situr heitur kjarninn úr stjörnunni. Hann byrjar smám saman að falla inn í sjálfan sig. Allt efnið í kjarnanum verður svo samþjappað að lítil en mjög þung stjarna verður til sem við köllum hvítan dverg. Hvítur dvergur er stjarna með svipað efnismagn og sólin en er á stærð við jörðina!

Gasið og rykið sem stjarnan varpar frá sér myndar hringboku sem sveipar hvíta dverginn litríkum hjúpi. Þessir gashjúpar eru af mörgum stærðum og gerðum. Á myndunum sérðu að efnið hefur myndað tvö ský út frá sitt hvorri hlið stjörnunnar. Skýin líta út eins og vængir á fiðrildum!

COOL FACT

Næstum allar stjörnur mynda hringpokur að lokum, þar á meðal sólin. Stjörnufræðingar telja að í vetrarbrautinni okkar séu líklega yfir 30.000 hringpokur.

This Space Scoop is based on a Press Release from [Chandra X-ray Observatory](#).
[Chandra X-ray Observatory](#)



SPACE
awareness



LC
Las Cumbres
Observatory

NAOJ
National Astronomical
Observatory of Japan



This website was produced by funding from the European Community's Horizon 2020 Programme under grant agreement n° 638653